

Dreifibréf

Reykjavík, 26. ágúst 2022
Tilvísun: OS2022010014/02.6**Efni: Athugasemdir við breytingar á gjaldskrá Landsnets – Gjaldskrá nr. 45**

Orkustofnun vísar til erindis Landsnets dags. 6. júlí sl. Þar kynnir flutningsfyrirtækið breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins frá 1. september nk. Um er að ræða hækkun á flutningsgjaldi til stórnotenda. Einnig hafa borist athugasemdir við gjaldskrárbreytinguna frá hagsmunaaðilum. Orkustofnun hefur farið yfir gögn og útreikninga fyrirtækisins vegna þessara breytinga og gerir ekki athugasemdir við þær.

Í uppgjöri tekjumarka Landsnets sem birt var á vefsíðu Orkustofnunar 1. júlí sl. kemur fram að vanteknar tekjur árið 2021 frá stórnotendum voru -4,4% af gjöldum¹. Því er ljóst að hækkunar er þörf á gjaldskrá stórnotenda til að ná jafnvægi í uppgjörum tekjumarka. Ennfremur er þörf á hækkun gjaldskrár vegna verðbólgu innanlands. Verðbólga innanlands er áætluð 8,8% árið 2022 og 6,7% árið 2023 samkvæmt spá Seðlabanka Íslands í Peningamálum 2022/3. Í sömu útgáfu er verðbólga í helstu viðskiptalöndum áætluð 7,1% árið 2022 og 3,8% árið 2023. Verðbólga erlendis mun hafa áhrif á kostnað Landsnets í gegnum erlend innkaup og gengi gjaldmiðla, en sá hluti hennar sem tengist hrávöruverði hefur þó að miklu leyti gengið til baka (sbr. t.d. heildsöluverð á málmum).

Orkustofnun mun fylgja því eftir fyrir næstu yfirferð á gjaldskrá að gagnsæji um forsendur verði aukið. Samhengi við tekjumörk og forsendur um almennar hagstærðir og orsakasamhengi sé komið á framfæri með skýrari hætti. Gjaldskrá er stillt af þannig að jafnvægi verði í uppsöfnuðum tekjum fyrir lok hvers árs og m.t.t. væntinga um verðbólgu. Notuð sé vænt sviðsmynd nema í tilfellum þar sem uppsafnaðar tekjur eru nærri leyfðum mörkum og hætt við að uppsafnaðar tekjur fari út fyrir mörkin. Gengi gjaldmiðils er haldið föstu út spátímabil eða notuð spá frá viðurkenndum og óháðum fagaðila. Tekið sé tillit til þess með skýrum hætti hve stór hluti kostnaðar Landsnets tengist erlendum myntum áður en horft er til verðbólgu erlendis við breytingu á gjaldskrá.

Virðingarfyllst,

f.h. orkumálastjóra



Björn Arnar Hauksson
sérfræðingur raforkurekstrar



Hanna Björg Kopráðsdóttir
deildarstjóri raforkueftirlits

¹ <https://orkustofnun.is/raforka/raforkueftirlit/urlausnir-raforkueftirlits/akvardanir-orkustofnunar/tekjumork/tekjumork-2021>